

## Tengsl skóla við nærsamfélagið

Lögð er áhersla á tengsl nemenda við nærsamfélag skólans. Nærsamfélag skólans er bæði landræðilegt, bæði náttúra og manngert umhverfi og félagslegt, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópar. Tengsl nemenda eru með ýmsum hætti bæði í tengslum við ákveðið námsefni og einnig í tengslum við eflingu ákveðinnar færni nemenda. Verið er að skipuleggja útikennslusvæði í tengslum við bæjaryfirvöld og þjónustumiðstöð.

Samvinna við heimili og nærsamfélagið er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og lögð rækt við að efla þann þátt. Unnin eru samstarfsverkefni m.a. með leikskólunum, eldri borgurum, kirkjunni, íþróttafélaginu og ýmsum fyrirtækjum og stofnunum. Mikilvægt er að leggja rækt við fjölbreytt samstarf við þessa aðila og aðra og sjá þar með til þess að skólinn sé í góðum tengslum við samfélagið. Jákvæð samskipti við foreldra eru ekki aðeins gefandi heldur hafa þau einnig mikla þýðingu fyrir öflugt skólastarf. Þess vegna gerir starfsfólk skólans sér far um að hlusta á nærsamfélagið og virkja nemendur til góðra verka. Það stuðlar að betri skóla, skóla sem skarar fram úr.

### Iðan

#### **Bókasafn**

Bókasafn Grindavíkurbæjar er frá hausti 2014 starfrækt undir sama þaki og Grunnskóli Grindavíkur. Bókasafnið gegnir einnig hlutverki skólabókasafns og þjónustar nemendur og starfsfólk á Ásabraut og Suðurhópi. Safnakennsla fer fram á bókasafninu og þar er einnig tölvuaðstaða til gagnaleitar. Þetta fyrirkomulag gefur skólastarfinu ýmis tækifæri til að auka fjölbreytni, safnkostur sem nemendur og starfsfólk hafa aðgang að verður fjölbreyttari og húsnæði safnsins nýtist við vinnu hópverkefna. Samstarf er um uppákomur og viðburði í tengslum við bókasafnið.

#### **Tónlistarskóli**

Frá hausti 2014 starfar Tónlistarskóli Grindavíkur undir sama þaki og Grunnskóli Grindavíkur á Ásabraut. Tónlistarskóli Grindavíkur og Grunnskóli Grindavíkur hafa gert með sér samkomulag um tónlistarkennslu. Nemendur 1. og 3. bekkjar fá forskólakennslu í tónlist einu sinni í viku og nemendur 2. bekkjar fá forskólakennslu í tónlist 2var í viku. Nemendur 5. bekkjar fá hljóðfærakynningu, þar sem þau kynnast mismunandi hljóðfærum, sú kennsla fer fram einu sinni í viku. Auk þessa sér Tónlistarskólinn um tónlistarkennslu í 4. – 6. bekk og kennslu í valgreinum á elsta stigi.

#### **Félagsmiðstöðin Þruman**

Félagsmiðstöðin Þruman starfar í húsnæði Grunnskólans við Ásabraut. Félagsmiðstöðin er opin á skólatíma frá kl. 9 – 14. Frístundaleiðbeinandi hefur umsjón með frístundastarfi fyrir börn og ungmenni á vegum Grindavíkurbæjar, bæði í félagsmiðstöðinni Þrumunni og Grunnskóla Grindavíkur. Starfsemi nemendaráðs heyrir undir frístundaleiðbeinanda og nemendaráðið sér um að skipuleggja félagslíf nemenda grunnskólans.

### Yngsta stig

Nemendur yngsta stigs fara reglulega í gönguferðir um bæinn og heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Í þessum ferðum læra nemendur um nærsamfélagið m.a. með heimsóknum á bæjarskrifstofur, í búðina, bókasafn o.fl. Einnig er farið í heimsóknir til einstaklinga sem taka á móti nemendahópum t.d. í tengslum við sauðburð.

Fastar heimsóknir eru með 3.bekkinga á Ásabraut í tengslum við að brúa bil milli 3ja og 4. bekkjar. Heimsóknir eru í tengslum við vinabekki þar sem markmiðið er að yngri og eldri nemendur kynnist og eigi jákvæð samskipti.

### Miðstig

Nemendur miðstigs fara í gönguferðir um bæinn og heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Unnið er með fyrirtækjum í tengslum við ákveðin verkefni. Heimsóknir hafa verið til einstaklinga sem kynna mismunandi trúarbrögð í tengslum við trúarbragðafræðslu. Frystihús hafa verið heimsótt í tengslum við nám um fiska og hafið. Einnig hefur nemendum verið boðið út á sjó og þeir fengið að veiða. Skemmtileg og fróðlegt samstarf hefur verið við Gróður í landnámi Ingólfs þar sem miðstigsnemendur planta trjám og kanna síðan afraksturinn þegar þeir eru komnir í 9.bekk.

### Elsta stig

Elstu nemendur skólans fara í skipulagðar heimsóknir í leikskóla bæjarins að hausti til að lesa fyrir yngstu börnin. Einnig fara nemendur og ná í og fylgja leikskólabörnum í friðargönguna. Þeir fara einnig í skipulagðar heimsóknir á elliheimili í desember og að vori og syngja og lesa upp fyrir eldri borgara. Í þessum heimsóknum eiga elstu nemendur í góðum og jákvæðum samskiptum við elstu og yngstu íbúa bæjarins.

Skólinn er í góðum tengslum við fyrirtæki í bænum sem taka einstaklinga í starfsnám. Oft er um að ræða einn til þrjá daga í viku, hluta úr degi eða heilan dag. Nemendur fá þá leiðsögn á vinnustaðnum og taka þátt í starfinu þar, kynnast starfsfólki og hvernig er að vinna við ákveðið fag. Markmiðið er að efla félagsþroska og efla sjálftraust nemandans auk þess sem viðkomandi fær tengingu og þjálfun hjá vinnustaðnum.

Nemendum í 9. og 10. bekkjum er gefinn kostur á að fara í starfskynningu þar sem þeir dvelja í fyrirtæki ákveðinn tíma og taka þátt í starfinu og gera síðan verkefni í skólanum í tengslum við heimsóknirnar.